


# Ársskýrsla | 2006



EiS

EINKALEYFASTOFAN

## Efnisyfirlit:

### I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Yfirlit forstjóra um starfsemi ELS á árinu 2006.....	3
Alþjóðleg ráðstefna.....	4
Laga- reglugerðarbreytingar.....	4
Einkaleyfi.....	5
Vörumerki.....	6
Hönnun.....	7
Byggðamerki.....	7
Faggilding.....	7
Starfsmannamál.....	8
Endurmenntun.....	8
Tæknimál.....	10
Fræðslu- og kynningarstarfsemi.....	11
Erlent samstarf.....	12
Önnur verkefni og atburðir árið 2006.....	14

### II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar.....	16
Ársreikningur.....	16
Samanburður og skýringar á helstu frávikum.....	16

## Yfirlit forstjóra um starfsemi ELS á árinu 2006



Ásta Valdimarsdóttir,  
forstjóri ELS.

Árið 2006 var mjög viðburðarríkt hjá Einkaleyfastofunni, bæði faglega og að því er rekstur stofnunarinnar varðar. Hér er minnst á helstu atriðin en ítarlegri umfjöllun er í viðeigandi köflum.

Á árinu fagnaði stofnunin 15 ára afmæli sem setti nokkurn svip á starfseminu. Af því tilefni var m.a. efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu í Reykjavík þann 7. júní undir heitinu „Intellectual Property: A Platform for Prosperity“. Stofnuninni bárust ýmsar góðar gjafir, m.a. færði FUVÉ, Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, stofnuninni málverk eftir Tryggva Ólafsson í tilefni afmælisins.

Áhersla hefur jafnan verið lögð á endurmenntun starfsmanna. Í þeim tilgangi var í fyrsta skipti á síðasta ári skipulögð ferð til einkaleyfastofu erlendis til að kynna þeirra starfsháttum og áherslum. Meirihluti starfsfólksins hélt til Danmerkur í apríl og tók þátt í skipulagðri dagskrá með fyrirlestrum og kynningum hjá dönsku einkaleyfastofunni í Höje Taastrup. Ferðin heppnaðist í alla staði mjög vel.

Nýr málaflokkur bættist við starfsemi stofnunarinnar á vormánuðum. Málefni faggildingar sem áður voru hjá Neytendastofu voru færð til Einkaleyfastofu með lögum sem tóku gildi í maí 2006.

Faggilding er fjárhagslega aðskilin frá öðrum sviðum Einkaleyfastofu og mun starfsemi faggildingar standa undir öllum kostnaði sem af starfseminni hlýst.

Vinnu við nýja stofnanasamninga lauk á árinu og voru samningar stofnunarinnar við SFR og aðildarfélög í BHM undirritaðir í mars. Samhliða stofnanasamningnum við aðildarfélög BHM var framkvæmd vörpun yfir í sameiginlega launatöflu aðildarfélaganna.

Frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópsku einkaleyfstofunni (EPO) árið 2004, hefur verið unnið að því að undirbúa skjalavistun einkaleyfa á rafrænu formi og því að veita aðgengi að einkaleyfaupplýsingum á rafrænu formi.

Afar stórum áfanga var náð að þessu leyti í nóvember með aðgengi að esp@cenet gagnagrunninum á vefsíðu stofnunarinnar.

Á árinu tók Einkaleyfastofan í fyrsta sinn þátt í samkeppni á vegum Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands sem ber heitið „Uppúr skúffunum“.

Þá skal nefnt að þann 5. júlí var undirritaður samningur af hálfu Íslands, Danmerkur og Noregs um stofnun norrænnar einkaleyfastofunar, Nordic Patent Institute, skammstafað NPI.

Á allsherjarþingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í september var NPI síðan samþykkt sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun.

Loks skal nefnt að á árinu var tekin sú ákvörðun að selja fasteign stofnunarinnar að Skúlagötu 63 og flytja í nýtt húsnæði að Engjateigi 3 á árinu 2007. Samningar um kaup og sölu voru undirritaðir 13. desember að lokinni talsverðri vinnu við samningsgerð og hönnun nýja húsnæðisins.

Ásta Valdimarsdóttir

## Alþjóðleg ráðstefna

Í tilefni af 15 ára afmæli ELS á árinu stóð stofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um hugverkaréttindi í Háskólabíó þann 7. júní. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Intellectual Property: A Platform for Prosperity“. Ráðstefnuna sóttu vel á annað hundrað gestir, þar af um 40 erlendir.

Frú Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra setti ráðstefnuna og heiðursgestur var prófessor Alain Pompidou, forstjóri Evrópsku Einkaleyfastofunnar (EPO).

Fyrirlesarar voru Ron Marchant, forstjóri bresku einkaleyfastofunnar, Erik Nooteboom, yfirmaður hugverkasviðs hjá framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins, Gunnar Örn Harðarsson f.h. Christopher P. Mercer formanns epi (The Institute of Professional Representatives before the European Patent Office), Mark E. Kelley, yfirmaður hugverkaréttinda hjá Nokia, Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarsviðs Össurar hf. og Magnús Scheving, frumkvöðull, stofnandi og forstjóri Latabæjar. Fundarstjóri var Rán Tryggvadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík og formaður Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.



Ráðstefnugestir í Háskólabíói 7. júní 2006.

Frá móttöku í tilefni af ráðstefnunni.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, Prof. Alain Pompidou og frú.

## Laga- og reglugerðarbreytingar

Með lögum nr. 24/2006 voru málefni faggildingar flutt frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á lögum er varða starfsemi stofnunarinnar.

Breytt var reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi ofl. nr. 574/1991 með síðari breytingum.

Breytingin tók til 3. gr. og var gerð til þess að auðvelda umsækjendum að skila inn þýðingum gagna fyrir úgáfu einkaleyfa.

Þá var sett ný reglugerð, nr. 1011/2006, um nauðungarleyfi vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda.

Umtalsverð vinna fór í gerð samnings um stofnun NPI, Nordic Patent Institute og fylgiskjala hans.

## Einkaleyfi

Á árinu tók að gæta fækkunar einkaleyfisumsókna eins og séð hafði verið fyrir vegna aðildar að EPO.


Einkaleyfisumsóknir voru 372, þar af 41 íslensk grunnumsókn, 4 íslenskar yfirfærðar PCT umsóknir en 325 yfirfærðar PCT umsóknir frá erlendum aðilum. Umsóknum fækkaði þannig um næstum 40% miðað við árið á undan. Íslenskar grunnumsóknir voru tveimur fleiri í ár en í fyrra.

Lagðar voru inn 24 íslenskar PCT-grunnumsóknir sem er fækkun frá í fyrra þegar lagðar voru inn 27 umsóknir.

Fyrsta beiðni um gildistöku evrópsks einkaleyfis á Íslandi var lögð inn í maí en í heild voru staðfest 3 evrópsk einkaleyfi hér á árinu. Er búist við að þeim fjölgi hratt á næstu árum. Þetta kallar á nýjan gagnagrunn til utanumhalds á staðfestum EP-einkaleyfum en unnið var að undirbúningi hans á árinu.

Útgefin einkaleyfi voru 112 og hafa aldrei verið fleiri en 6 þeirra voru veitt til íslenskra aðila.


Þrátt fyrir aukinn fjölda veittra einkaleyfa, bárust stofnuninni engin andmæli enda fátítt að einkaleyfum sé andmælt hér á landi.




Útgefin einkaleyfi árið 2006 eftir uppruna (fleiri en 3 umsóknir pr. land)

Útgefin einkaleyfi árið 2006 eftir tækniflokkum

Fjöldi einkaleyfaumsókna er einn af þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta styrk nýsköpunar og hugvits í ríkjum. Ekki er þó nægilegt að skoða einungis fjölda umsókna í viðkomandi ríki. Fróðlegt er að skoða t.d. fjölda umsókna frá íslenskum aðilum hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, EPO. Á árinu 2006 bárust 43 umsóknir til EPO frá íslenskum aðilum, 17 þeirra voru með forgangsrétt í umsóknum hér á landi en 26 með forgangsrétt í öðrum ríkjum. Þessi mikli fjöldi umsókna hjá EPO gefur tvímælalaust mjög jákvæða mynd af styrk nýsköpunar og hugvits hér á landi.



Umsóknir um einkaleyfi árin 2004-2006




Veitt einkaleyfi árin 2004-2006

## Vörumerki

Vörumerkjaumsóknum fjölgaði um 13,2% á árinu. Landsbundnar umsóknir voru 1517, en alþjóðlegar 3186. Samtals voru umsóknirnar því 4703. Frá íslenskum aðilum komu 615 landsbundnar umsóknir.

Umsóknarfjöldi var mun meiri en áætlað var. Í áætlun var gert ráð fyrir 4100 umsóknum. Erfitt er að gefa einhlíta skýringu á fjölgun umsókna. Alþjóðlegum umsóknum hér á landi fjölgaði um 8,6% á árinu sem er í samræmi við aukinn heildarfjölda umsókna til Alþjóðahugverkastofunarinnar. Aðalaukningin var hlutfallslega í landsbundnum umsóknum eða 24,5%. Kann það að skýrast af einhverju leyti af auknu kynningarstarfi.

Hér er samantekt yfir fjölda umsókna síðustu þrjú ár:



Alþjóðlegar umsóknir frá íslenskum aðilum voru 95 sem er mikil aukning frá árinu áður þegar Einkaleyfastofan áframsendi 32 alþjóðlegar umsóknir til Alþjóðahugverkastofunarinnar.

Vörumerkjaskráningar á árinu 2006 voru 4382, sem er 32% fleiri skráningar en árið á undan

Áætlað var að endurnýjuð vörumerki yrðu 1100 á árinu. Mun fleiri skráningar voru endurnýjaðar eða 1355.

Andmæli voru 29 talsins, sem er sami fjöldi og árið áður.

Úrskurðað er í andmælamálum almennt innan mánaðar frá því að mál eru tilbúin til úrskurðar.

Biðtími umsækjenda eftir rökstuðningi við höfnun er að jafnaði innan við tveir mánuðir, hvort sem um er að ræða alþjóðlegar eða landsbundnar umsóknir.

Áfrýjanir til Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar voru 9 talsins, sem eru mun færri mál en árið áður þegar 20 áfrýjanir bárust nefndinni.

## Hönnun

Hönnunarumsóknum fækkaði um 11,5% frá árinu áður. Heildarfjöldi umsókna var 68 umsóknir, þar af voru 22 alþjóðlegar skráningar.

Í áætlun var gert ráð fyrir að hönnunarumsóknir yrðu 100 talsins, þar sem búist var við að fjöldi alþjóðlegra skráninga yrði hærri en raun var.

## Byggðamerki

Á árinu var aðeins sótt um eitt byggðamerki. Einkaleyfastofan sendi á árinu sveitarfélögum landsins bréf þar sem skráning byggðamerkja var kynnt.

## Faggilding

Málefni faggildingar fluttust frá Neytendastofu til Einkaleyfastofunnar í maí 2006, í samræmi við lög nr. 24 frá 2006.

Eins og undanfarin ár starfaði einn maður á faggildingarsviði. Starfsemi faggildingarsviðs felur í sér faggildingarmat og eftirlit með faggiltum stofum og verkstæðum, samskipti við eftirlitsstjórnvöld sem nota þjónustu faggiltra aðila, þátttöku í evrópusamtökum faggildingarstofa og kynningu og upplýsingagjöf vegna faggildingar.

Fjöldi faggiltra stofa og verkstæða skiptist þannig að prófunarstofur voru 8, vottunarstofur 1, skoðunarstofur 13, tilkynntir aðilar 3 og verkstæði 34. Ein prófunarstofa og ein skoðunarstofa bættust við á árinu. Utanaðkomandi matsmenn sem störfuðu fyrir faggildingarsvið voru 11 á árinu en framlag þeirra var mismundandi frá einum til átta manndögum við úttektina að frátöldum undirbúningi. Alls voru um 180 manndagar notaðir við faggildingarmat og eftirlit.

Þátttaka í samstarfi faggildingarstofa í Evrópu, European co-operation for Accreditation, var með svipuðu sniði og áður. Sóttir voru tveir aðalfundir EA, tveir fundir í EA MAC nefnd um gagnkvæma viðurkenningu og tveir fundir í fastanefnd um vottun og skoðun. Starfsmaður faggildingarsvið tók þátt í úttekt á einni faggildingarstofu innan EA.

## Starfsmannamál

Starfsmenn voru 22 talsins meirihluta ársins.

Tveir starfsmenn hættu störfum í einkaleyfedeild og einn í almennri deild.

Deilarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar fór í árs námsleyfi í ágúst.

Starfsmaður deildarinnar starfaði sem deildarstjóri í fjarveru hans.

Einn starfsmaður var í barnseignarfríu allt árið og annar fór í barnseignarfríu seinni hluta ársins.

Auk starfsmanns í faggildingu voru fimm nýir starfsmenn ráðnir á árinu auk tveggja sumarstarfsmanna. Um var að ræða ráðningar í stað þeirra sem hættu eða voru í leyfi, að undanskildum skjalaverði sem er ný staða hjá stofnuninni.

Nýir stofnanasamningar voru undirritaðir á vormánuðum. Tveir samningar eru í gildi hjá ELS, annars vegar við SFR og hins vegar við aðildarfélög BHM.

## Endurmenntun

Einkaleyfastofan telur afar mikilvægt að starfsmenn bæti við þekkingu sína og færni með ýmis konar endurmenntun.

Hér innanlands sóttu starfsmenn m.a. enskunámskeið, námskeið um gerð lagafrumvarpa, námskeið um fjármál ríkisstofnanna, mannauðsstjórnunarnámskeið, námskeið um gerð verklagsferla og gæðastjórnunarnámskeið.

Þá sótti starfsfólk upplýsingasetra um einkaleyfi starfsþjálfun hjá ELS.

Tveimur starfsmönnum var gert kleift að stunda háskólanám með vinnu.

Stór hluti af endurmenntun starfsmanna fer fram í samstarfi við erlendar stofnanir.

Starfsmenn frá EPO komu hingað til lands þrisvar á árinu til að funda eða halda fræðsluerindi.

Á fyrsta fundinum var rætt um upplýsingagjöf og sendingar gagna héðan fyrir gagnabanka EPO. Þá var haldin í febrúar fræðslufundur varðandi endurgreiðslur árgjalda til EPO og loks var haldin kynning fyrir starfsmenn nýstofnaðra upplýsingasetra.



Frá jólaskemmtun starfsmanna ELS.

Starfsmenn sóttu fjölmörg námskeið erlendis. Flest þeirra voru á vegum EPO. Í mars sótti netstjóri námskeið vegna EPTOS tölvukerfisins hjá tæknideild EPO í Hollandi.

Mörg námskeið voru skipulögð í apríl. Tveir starfsmenn einkaleyfedeildar fóru á námskeið á Ítalíu varðandi móttöku og meðferð umsókna um evrópsk einkaleyfi sem lögð eru inn hjá landsbundnum skrifstofum.

Þá fór starfsmaður einkaleyfedeildar á námskeið um EPOQUE gagnagrunninn hjá EPO í Haag.

Í apríl var einnig skipulögð heimsókn á „British Library“ í London fyrir starfsmenn Upplýsingasetrana og einn starfsmann einkaleyfedeildar.

Tilgangurinn var að fræðast um þeirra starfsemi varðandi varðveislu og miðlun einkaleyfaupplýsinga.

Í maí sótti einn af rannsakendum á einkaleyfedeild námskeið á vegum EPO í Vín um flokkunarkerfi einkaleyfa.

Í maí er árleg ráðstefna á vegum EPO um einkaleyfabanka og upplýsingasetur („Patlib“). Að þessu sinni var ráðstefnan í Prag í Tékklandi og sóttu hana tveir starfsmenn upplýsingasetrana og einn starfsmaður einkaleyfedeildar.

Deildarstjóri faggildingardeildar sótti matsmannanámskeið vegna úttekta á faggildingarstofum í Berlín í september.

Starfsmaður sem annast fræðslu- og kynningarmál stofnunarinnar hóf þátttöku í námskeiðaröð á vegum EPO um stuðning við nýsköpun („Innovation support“). Fyrra námskeiðið var í Kaupmannahöfn í september og hið seinna í Prag í nóvember.

Í október fóru tveir starfsmenn einkaleyfedeildar á „Online Service“ ráðstefnu á vegum EPO í Lissabon.

Starfsmaður vörumerkja- og hönnunardeildar sótti námskeið hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf um Madrid Protocol í nóvembermánuði.

Í apríl fóru flestir starfsmenn stofnunarinnar í fræðaferð til dönsku einkaleyfastofunnar í Höje Taastrup. Starfsmenn dönsku stofnunarinnar tóku vel á móti hópnum með skipulagðri dagskrá, fyrirlestrum og kynningum. Heimsóknin var bæði skemmtileg og nytsamleg fyrir margar sakir, ekki síst þar sem mikið og gott samstarf hefur verið milli ELS og dönsku stofnunarinnar í áralöngum tímum.



Frá heimsókn starfsmanna ELS hjá dönsku einkaleyfastofunni í apríl.

## Tæknimál

Miklar breytingar urðu á tölvumálum stofnunarinnar á árinu.

Meðal annars var skipt út öllum Mackintosh tölvum í vörumerkjadeild og farið yfir í PC umhverfi.

Mikið af tölvubúnaði stofnunarinnar var endurnýjaður og kom þó nokkur hluti hans frá EPO í samræmi við ákvæði tvíhliða samning ELS og EPO frá 2005.

Fest voru kaup á fjarfundabúnaði og plasmaskjá sem ætlunin er að nota m.a. vegna funda við Norðurlönd.

Samningur sem stofnunin gerði við EPO um innleiðingu EPTOS tölvukerfisins í desember 2005 kom að nokkru til framkvæmda árið 2006. Unnið var m.a. að undirbúningi fyrir innleiðinguna og þjálfun starfsfólks.

Á árinu var unnið að því að tengja upplýsingar um einkaleyfi á Íslandi við gangabanka EPO, „esp@cenet“, sem inniheldur einkaleyfagögn hvaðanæva að úr heiminum. Þannig getur almenningur nú leitað að upplýsingum um m.a. íslensk einkaleyfi í gagnabankanum sem aðgengilegur er á heimasíðu ELS. Gagnabankinn er gjaldfrjálgs og öllum opin og var íslenskt viðmót hans formlega opnað hér á landi 10. nóvember.



*Esp@cenet grunnurinn var opnaður formlega í nóvember. Hafsteinn Þór Einarsson, einkaleyfadeild, kynnir gagnagrunninn.*

## Fræðslu- og kynningarstarfsemi

Kynningarfundir og fræðsla á starfsemi ELS og hugverkaréttindum jukust mjög á árinu og hefur reglulegum fundum verið komið á hjá ýmsum aðilum.

Í febrúar kynnti ELS starfsemi sína á framadögum AIESEC stúdentasamtakanna. Laganemar frá Háskóla Íslands komu í heimsókn og hlýddu á fyrirlestur um einkaleyfakerfið og samstarf hófst milli ELS og Listaháskóla Íslands um kennslu á hugverkaréttindum. Haldið var vikulangt námskeið um hugverkaréttindi fyrir nemendur í vörubrúun sem metið var til einnar einingar. Kennslan var í höndum þriggja starfsmanna ELS.

Í mars var flutt erindi um hugverkaréttindi hjá Brú fjárfestingafélagi. Nemendur í vörühönnun frá Háskólanum í Reykjavík komu í heimsókn og hlýddu á erindi um einkaleyfi, vörumerki og hönnun.

Haldið var upp á alþjóðlegan dag hugverkaréttar þann 26. apríl. Boðið var upp á röð fyrirlestra í húsnæði ELS um „esp@cenet“ gagnabankann, Upplýsingasetur um einkaleyfi, alþjóða samning um vörumerki (TLT) og nauðungarleyfi vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja.

Þann 7. júní stóð ELS fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um hugverkaréttindi í tilefni af 15 ára afmæli stofnunarinnar. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Intellectual Property: A Platform for Prosperity“.

Efnafræðinemar frá Háskóla Íslands komu í heimsókn í september og hlýddu á erindi um einkaleyfi. Þá var haldinn kynningarfundur um hugverkaréttindi hjá RANNÍS.

Í október kom í heimsókn hópur af nemendum úr 6. bekk í Foldaskóla í Grafarvogi. Foldaskóli er móðurskóli í nýsköpun og var heimsóknin á ELS liður í því að upplýsa nemendurna um þá möguleika sem bjóðast í vernd hugverka og þann ávinning sem af þeim getur hlotist. Einnig sóttu laganemar úr Háskólanum í Reykjavík ELS heim og hlýddu á erindi um einkaleyfi, vörumerki og hönnun. Þá var haldinn kynningarfundur um hugverkaréttindi hjá Samtökum Iðnaðarins.

Haldinn var kynningarfundur um hugverkaréttindi á Akureyri í nóvember. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Háskólans á Akureyri og var öllum opin.

Þann 10. nóvember var íslenskt viðmót á „esp@cenet“ vefnum tekið í notkun. Af því tilefni var boðað til kynningarfundar í samstarfi við EPO um „esp@cenet“ gagnabankann og „Epoline“ þjónustu EPO. Fundurinn var haldin á Nordica Hotel og var vel sóttur.



ELS stóð fyrir útgáfu á tveimur bæklingum á árinu, annars vegar almennum upplýsingabæklingi um hugverkaréttindi og hins vegar upplýsingabæklingi um „esp@cenet“ gagnabankann. Þá gaf ELS út sérrit um lög um einkaleyfi nr. 17/1991.

Að lokum má nefna að stofnunin skipulagði ferð til München um miðjan október í samstarfi við EPO fyrir íslenska umboðsmenn. Markmiðið var að kynna fyrir umboðsmönnum starfsemi EPO, einkum málsmeðferð í andmælamálum og fyrir áfrýjunarnefndum EPO og fengu þátttakendur m.a. að fylgjast með munnlegum málflutningi í slíkum málum.

## Erlent samstarf

### Samstarf við EPO

Samstarf við EPO er mjög mikið hvað varðar endurmenntun og þjálfun eins og greint er frá í kaflanum um endurmenntun. Þá er sérstaklega mikil samvinna á sviði tölvu- og tæknimála.

Í maí 2005 var undirritaður tvíhliða samningur um stuðning á þessum sviðum sem hefur reynst afar vel fyrir stofnunina í þessari umfangsmiklu aðlögun. Samningurinn er til þriggja ára.

Á árinu samþykkti framkvæmdarráð EPO breytingar á reglum og öllu fyrirkomulagi samstarfssamninga við aðildarríki sem fyrirnefndur tvíhliða samningur byggist á. Leitað er sérstakra lausna fyrir þau ríki sem eiga aðild að gildandi samningum, en Ísland er eitt þeirra.

Fundir í framkvæmdarráði EPO voru í mars, júní, október og desember. Forstjóri ásamt deildarstjóra einkaleyfedeildar eða lögfræðingi deildarinnar sóttu þá fundi.

Deildarstjóri einkaleyfedeildar sótti fundi tækniráðs EPO í apríl og september.

Lögfræðingur einkaleyfedeildar sótti fjóra fundi laganefndar í febrúar, maí, september og nóvember. Laganefnd fundaði óvenju oft á árinu vegna undirbúnings gildistöku svonefnds „EPC 2000 samnings“ sem er talsverð breyting á Evrópska einaleyfasamningnum (EPC) frá 1973. Þá sótti hann einnig fundi fjárlaganefndar í maí og í október.

### Annað Evrópusamstarf

Í apríl stóð EPO og Evrópusambandið fyrir vali á „Uppfinningamanni ársins í Evrópu“ eða („European Inventor of the year“) í fyrsta sinn. Valið og verðlaunaafhendingin fór fram í Brussel að viðstöddu fjölmenni. Í tengslum við athöfnina var ráðstefna um hugverkaréttindi og nýja markaði í Kína. Forstjóri ELS var viðstaddur athöfnina og ráðstefnuna.



Frá þingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar WIPO í september 2006, Ásta Valdimarsdóttir forstjóri og Grétar Ingi Grétarsson lögfræðingur.

Uppfinningamenn ársins voru valdir í sex flokkum og eru eftirfarandi:

- Zbigniew Janowicz og Cornelis Hollenberg (Rhein Biotech, Düsseldorf, Þýskalandi) sem þróuðu aðferð við að framleiða óþekkt prótein í Hansenula geri sem er lykilefnið í framleiðslu á bóluefni gegn lifrabólgu B. Uppfinningamennirnir voru heiðraðir í flokknum „Iðnaður“.
- Stephen P.A. Fodor, Michael C. Pirrung, J. Leighton Read og Lubert Stryer (Affymax, Hollandi), sem umbyltu líftækninni með uppfinningu sinni á DNA. Valnefndin valdi þessa uppfinningamenn fyrir flokkinn „Lítill og meðalstór fyrirtæki“.
- Peter Grünberg (Jülich Research Centre, Þýskalandi), sem skilgreindi hin gríðarstóru áhrif rafsegulmótstöðu (GMR: Giant magnetoresistance) sem gaf fimmtíufalt meiri vistunarmöguleika á hörðum diskum. Hann var sigurvegari í flokknum „Háskólar og rannsóknarstofnanir“.
- John Edward Starrett, Joanne Bronson, John Martin, Muzammil Mansuri og David Tortolani, sem tókst að framleiða hin nýju forlyf fosfónata, sem sýna ekki fulla virkni fyrr en þeim hefur verið umbreytt í mannlíkamanum. Liðið fór heim með vinning í flokknum „Ný aðildarríki Evrópusambandsins“ þar sem tæknin byggir á rannsókn frá Institute of Organic Chemistry and Biochemistry of the Academy of Sciences í Prag í Tékklandi.
- Larry Gold og Craig Tuerk (NeXstar Pharmaceuticals, Boulder, Bandaríkjunum) sem með SELEX tækni sinni fundu upp mikilvægt skimunarferli sem er notað í lífefnafræði til að finna einstök fákirni sem geta bundist sérstökum próteinum sem valda sjúkdómum. Þessir amerísku uppfinningamenn fengu verðlaunin í flokknum „Lönd utan Evrópu“.
- Federico Faggin (Ítalíu; Santa Clara, Bandaríkjunum) þróaði fyrstu kísilflöguna, sem hefur gert vinnslu á gríðarlega miklum gögnum mögulega og hrundið af stað byltingu í tölvutækni. Federico Faggin hlaut verðlaunin fyrir uppfinningamann ársins í Evrópu í flokknum „Ævistarf“.

Fundur í hugverkahóp EFTA og ESB var haldinn í Brussel í nóvember. Eitt helsta umræðuefnið var drög að „European patent litigation agreement“.

Starfsmaður ELS sótti fund hjá Vörumerkjaskrifstofu ESB í Alicante um hönnun í október.

### Norrænt samstarf

Eins og undanfarna áratugi voru haldnir fundir í faghópum tvisvar á árinu.

Deildarstjóri einkaleyfedeildar og lögfræðingur sóttu fund norræns vinnuhóps um einkaleyfi í Helsinki í júní sem einnig var sóttur af fulltrúum Lettlands og Eistlands. Þá var haldinn norrænn fundur hér á landi í nóvember.

Vörumerkja- og hönnunarfundur norrænna ríkja og Eystrasaltsríkja var haldinn í Danmörku í apríl og Finnlandi í september. Deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar sat fundina, síðari fundinn sat einnig lögfræðingur deildarinnar.

Forstjórar einkaleyfastofnana Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna funduðu í Lundi í Svíþjóð í maí og í Kaupmannahöfn í september.

## WIPO

Deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar var fulltrúi Íslands á alþjóðlegri ráðstefnu um endurskoðun á alþjóðlegum samningi á sviði vörumerkjaréttar, „Trademark Law Treaty“, í Singapúr í mars. Ætlunin er að Ísland fullgildi samninginn innan skamms en hann var undirritaður í Genf 31. janúar 2007.

Á allsherjarþinginu í september voru ræddar ýmsar breytingar á samningnum sem Ísland er aðili að. Tvö atriði sem komu til umfjöllunar á þinginu snertu Ísland sértaklega. Annars vegar var það beiðni um að fá NPI, Nordic Patent Institute, samþykkt sem alþjóðlega nýnæmisrannsóknarstofnun. Hins vegar var það athugasemd Íslands um gjaldafyrirkomulag í Genfar-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Ísland bar fram ósk um að gjaldakerfið yrði endurskoðað eða gjöld fyrir alþjóðlega skráningu hækkuð þar sem samkvæmt núverandi fyrirkomulagi stæðu gjöldin ekki undir kostnaði ef einhver vinna færi fram við umsóknirnar eða þær væru birtar. Í kjölfarið var boðað til fundar um erindið og stofnaður vinnuhópur til að finna lausn á málinu.

## Önnur verkefni og atburðir á árinu 2006

### NPI

Þann 5. júlí 2006 var undirritaður, á dönsku einkaleyfastofunni í Høje Taastrup, samningur um stofnun norrænnar einkaleyfastofnunar (Nordic Patent Institute, skammstafað NPI).

Með samningnum setja ríkisstjórnir Danmerkur, Íslands og Noregs á stofn milliríkjastofnun til samvinnu á sviði einkaleyfa.

NPI er samkvæmt samningnum alþjóðlegur lögaðili hvers meginhlutverk er að vera alþjóðleg nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnun fyrir einkaleyfi.

Á allsherjarþingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í september fékk NPI viðurkennda stöðu sína sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun. Ætlunin er að stofnunin hefji störf 1. janúar 2008, en hún mun verða til húsa hjá dönsku einkaleyfastofunni.



Samningur um stofnun NPI var undirritaður í júlí hjá dönsku einkaleyfastofunni. Jørgen Smith, forstjóri norsku einkaleyfastofunnar, Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri ELS, Jesper Kongstad, forstjóri dönsku einkaleyfastofunnar og Majbritt Vestergaard, lögfræðingur hjá dönsku einkaleyfastofunni.

## Uppúr skúffunum

Á árinu tók ELS í fyrsta sinn þátt í verkefninu „Uppúr skúffunum“ sem er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, ELS og Árnason Faktor. „Uppúr skúffunum“ er hugmyndasamkeppni sem allir nemendur og kennarar Háskóla Íslands og Landsspítala-háskólasjúkrahúss eða aðrir þeir sem tengjast H.Í. geta tekið þátt í.



*Frá verðlaunaafjendingu samkeppninnar „Uppúr skúffunum“ í desember.*

Afhending verðlauna í samkeppninni „Uppúr skúffunum 2006“ fór fram föstudaginn 1. desember 2006. Dr. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, afhenti verðlaunin við athöfn sem fram fór í Tæknigarði.

Fyrstu verðlaun komu í hlut Eiríks Rögnvaldssonar prófessors og samstarfsmanna hans, Hrafns Loftssonar, lektors í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík og Sigrúnar Helgadóttur, sérfræðings á Orðabók Háskólans. Verkefnið nefnist „Samhengisháð ritvilluleit“.

Önnur verðlaun hlaut tillaga Þorsteins I. Sigfússonar og tveggja samstarfsmanna hans, Jóns Steinars Garðarssonar Mýrdal eðlisfræðinema og Sigurðar Arnar Aðalgeirssonar, nema í rafmagnsverkfræði. Hugmyndin á rætur sínar í sérstakri varmarafmagnsaðferð, en um er að ræða búnað („SportCool“) til þess að lina sársauka við íþróttameiðsl.

Þriðju verðlaun hlaut verkefni á sviði rannsókna í sýklavörnum, „Örvun innbyggðra sýklavarna gegn sýkingum“. Verkefnið var unnið undir stjórn prófessoranna Guðmundar H. Guðmundssonar og Eiríks Steingrímssonar.



## II. Árangursmat

### Markmið ársáætlunar

Í rekstraráætlun fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að gjöld yrðu rúmar 171 mkr. og tekjur alls 133.3 mkr. Gert var ráð fyrir að mismuni milli tekna og gjalda yrði mætt með því að nýta höfuðstól.

### Ársreikningur

Tekjur á árinu urðu 187 mkr. sem er 16 mkr. hærra en gert var ráð fyrir í áætlun og 15.3% hækkun tekna frá árinu 2005. Tekjur af leyfisgjöldum voru 174.7 mkr. og sértekjur voru 11.8 mkr. Sértekjur eru að mestu vegna endurgreidds ferðakostnaðar og endurgreiðslu vegna verkefna í samstarfi við Evrópsku einkaleyfastofuna.

Þá var ríkisframlag vegna faggildingar á árinu 8.8 mkr.

Gjöld námu 176 mkr. sem er 42.7 mkr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Launagjöld námu rúmum 110 mkr., önnur rekstrargjöld rúmar 56 mkr. og eignakaup 17.5 mkr.

Tekjuafgangur nam 19.7 mkr. á árinu.

### Samanburður og skýringar á helstu frávikum

Niðurstaða ársins 2006 er 19.7 mkr. tekjuafgangur.

Pegar bornar eru saman tölur í áætlun og rauntölur, má sjá að bæði tekjur og gjöld eru hærri en áætlað var.

Tekjur urðu nokkuð hærri m.a. vegna fjölgunar vörumerkjaumsókna sem ekki var séð fyrir. Þá má nefna að endurgreiðslur frá EPO vegna endurmenntunar og ferðakostnaðar færast inn sem tekjur til stofnunarinnar.

Gjöld voru 42.7 mkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur nokkuð að launakostnaður milli áráanna 2005 og 2006 hækkaði um 12.3 % og fjölgun ársverka var tæplega 1,5. Þá var kostnaður vegna endurbóta og eignakaup nokkuð hærri en áætlað var sem m.a. kom til vegna endurbóta á fasteigninni að Skúlagötu sem fyrirhugaðar voru árið 2005 en áttu sér ekki stað fyrir en í byrjun ársins 2006, áður en til umræðu kom að stofnunin flytti í nýtt húsnæði.